

Orkuveita Reykjavíkur
Jakob S. Friðriksson
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

2004020031
3609; 9310

Reykjavík, 21. maí 2004
/--

Efni: Vatnsveita í Grábrókarhrauni, allt að 2 milljónir rúmmetra á ári, Borgarbyggð. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis VSÓ Ráðgjafar, dags. 5. apríl 2004, þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt vatnsöflun, allt að 2 milljónir m³/ári, í Grábrókarhrauni, Borgarbyggð samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og liðum 10 g og i, í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Borgarbyggðar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, iðnaðarráðuneytisins, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Umsagnir bárust frá Borgarbyggð með bréfi dags. 21. apríl 2004, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 19. apríl 2004, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu með bréfi dags. 23. apríl 2004, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 4. maí og tölvupósti 12. maí og Vegagerðinni með bréfi dags. 21. apríl 2004.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 19., 21., 23., og 27. apríl og 5. maí 2004.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð vatnsöflun er allt að 2 milljónir m³/ári í Grábrókarhrauni, Borgarbyggð. Markmiðið með framkvæmdinni sé að afla nægjanlegs vatns til framtíðar, sem uppfylli ýtrustu kröfur um gæði, fyrir Borgarnes auk Bifrastar, Varmalands og byggða í nálægð við fyrirhugaða vatnsleiðslu sem liggja muni frá Grábrókarhrauni til Borgarness. Fyrirhugaðar framkvæmdir fela í sér virkjun 60 til 70 l/s af vatni úr Grábrókarhrauni, borun þriggja vinnsluhola og gerð borplana, lagningu vegslóða, byggingu dælustöðvar og miðlunartanks, uppsetningu girðingar umhverfis brunnsvæðið og lagningu vatnslagnar í jörð samhliða þjóðvegi 1. Í framtíðinni gæti þurft að bora fleiri vinnsluholur til að koma til móts við aukna

eftirspurn á vatni. Í upphafi málsmeðferðar var gert ráð fyrir að bora vinnsluholurnar á svæðum I eða II, en á meðan á umfjöllun Skipulagsstofnunar stóð komu fram nýjar upplýsingar frá framkvæmdaraðila sem gerðu ráð fyrir að vinnsluholurnar verði boraðar á svæði III. Gert sé ráð fyrir að hver borhola verði 20-30 m djúp og um 25 sm í þvermál. Hámark borsvarfs úr hverri borholu verði um 1 m³. Borplön verði 100 - 200 m² hvert og u.þ.b. 20 m á milli borhola. Lögð verði ný vegslóð um 100 – 110 m vegalengd að borplönnum. Áætluð efnispörf í borplön og veg sé 150 – 200 m³ og öll efnistaka verði utan verndarsvæða. Að öllum líkindum verði dælustöð, um 50 til 60 m² og 2,5 m á hæð, byggð ofan á eða við eina af borholunum til að lágmarka það svæði sem taka þarf undir mannvirki. Rafstöð verði í dæluhúsinu og olúþró sem vörn gegn olíumengun. Stofnæð vatnsveitunar verður lögð til Borgarness og sá hluti hennar sem fer um Grábrókarhraun sé á verndarsvæði. Frá mörkum verndarsvæðisins að Borgarnesi er gert ráð fyrir að stofnæðin verði lögð á helgunarsvæði Vegagerðarinnar meðfram Þjóðvegi 1. Innan verndarsvæðisins verði vatnslögnin á þegar röskuðum svæðum, innan helgunarsvæðis meðfram Þjóðvegi 1 eða í girðingarstæði norðvestan Þjóðveggar 1 og stefnt sé að samnýtingu skurðstæðis með Rarik sem áformar að leggja jarðstreng um hraunið að Bifröst. Heildarlengd stofnæðarinnar á verndarsvæðinu verði um 2.850 m. Ekki liggur fyrir hvort girt verði umhverfis brunnsvæði vatnsveitunnar, en ákvörðun um slíkt verði tekin í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Í framlögðum gögnum kemur fram að framkvæmdaraðili muni leggja sig fram um að láta mannvirki falla sem best að landslagi og að rask á framkvæmdarsvæðinu verði sem minnst. Umframefni úr skurði verði komið fyrir í jarðvegsfyllingu, við miðlunartank, utan verndarsvæða, eða losað þar sem það nýtist innan byggingarsvæðisins. Umhverfi mannvirkja verði lagfært og grætt upp í kjölfar framkvæmdanna í samráði við Umhverfisstofnun og landeigendur. Framkvæmdaraðili gerir ráð fyrir að hefja framkvæmdir árið 2004. Fram kemur að það sé mat framkvæmdaraðila að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki vera háð mati á umhverfisáhrifum þar sem upplýsingar um helstu umhverfisáhrif hennar liggi fyrir og umfang hennar sé slíkt að ekki verði hægt að skilgreina það umtalsvert skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulag. Fram kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir séu í samræmi við stefnu svæðisskipulags Mýrarsýslu 1998-2010 um vatnsöflun en hvorki liggi fyrir aðalskipulag eða deiliskipulag.

Verndarsvæði og vatnsöflunarsvæði. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdarsvæðið sé að hluta til á vatnsverndarsvæði og í Grábrókarhrauni sem sé skilgreint sem hverfisverndað svæði í Svæðisskipulagi Mýrarsýslu 1998-2010 auk þess að vera jarðmyndun sem njóti verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Fram kemur að fyrirhuguð vatnsvinnsla taki aðeins til lítils hluta heildargrunnvatnsstrauma vatnsöflunarsvæðisins og að það sé mat framkvæmdaraðila að fyrirhugaðar framkvæmdir muni ekki menga grunnvatn.

Jarðmyndanir. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að helstu áhrif vegna framkvæmdarinnar verði á Grábrókarhraun. Borplön, vegslóð og hugsanleg girðing umhverfis brunnsvæðið muni valda varanlegu raski á hrauninu á allt að 1.000 m² svæði. Með vönduðum frágangi og takmörkun framkvæmdarsvæðis telji framkvæmdaraðili að áhrif á jarðmyndanir verði ekki veruleg.

Gróður. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að Náttúrufræðistofnun Íslands telji að gróðurþekja á framkvæmdarsvæðinu sé eins samfelld og hún geti orðið í úfnu hrauni. Gróðurfur sé einsleitt og algengt á landsvísu. Ekki hafi verið gerð úttekt á tegundafjölbreytni plantna á framkvæmdasvæðinu en vitað sé að tvær sjaldgæfar plöntutegundir sem séu á valista hafi fundist í nágrenni þess. Það sé álit Náttúrufræðistofnunar að við fyrirhugaðar framkvæmdir beri að forðast að raska samfelldu birkikjarri og mosapembu og muni framkvæmdaraðili gera þær kröfur til verktaka. Einnig muni framkvæmdaraðili fara að tillögum og vera í samráði við sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar hvað varðar afmörkun svæða með tegundum á valista.

Fuglar. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki hafi verið gerð athugun á fuglalífi á framkvæmdarsvæðinu. Að mati framkvæmdaraðila sé um mjög afmarkað svæði að ræða og ólíklegt að veruleg áhrif verði á fuglalíf.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Borgarbyggðar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar kemur fram að ekki sé talið líklegt að framkvæmdin hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skuli því ekki vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Verndarsvæði og jarðmyndanir. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd sé innan svæðis sem sé á náttúruminjaskrá. Grábrókarhraun sé einnig jarðmyndun sem falli undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og sé skilgreint sem hverfisverndarsvæði í svæðisskipulagi Mýrarsýslu. Umhverfisstofnun telji ljóst að Grábrókarhraun hafi mikið verndargildi. Hrauninu hafi nú þegar verið raskað með ýmsum framkvæmdum og ætti að forðast að raska því frekar. Gert sé ráð fyrir að rask á hrauninu vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar verði í mesta lagi 1.000 m² ef miðað sé við líklega staðsetningu mannvirkja. Stofnunin telur að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa nokkur sjónræn áhrif í för með sér en að ekki sé um umtalsverð áhrif að ræða. Stofnunin telji þó mikilvægt að þau svæði sem nú þegar hefur verið raskað verði nýtt undir mannvirki eins og kostur sé og að dregið verði eins mikið úr frekari röskun á hrauninu og unnt er.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að með staðsetningu vinnsluhola á svæði III sé verið að staðsetja mannvirki eins og kostur sé á þegar röskuðum svæðum og þar með sé dregið úr röskun á hrauninu.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ef girt verði umhverfis brunnsvæðið beri að gæta þess að standa þannig að framkvæmdum að þær hafi sem minnst rask í för með sér, s.s. með vali á tækjum/aðferðum og að hraun verði ekki sléttuð undir girðinguna. Einnig kemur fram að ekki sé líklegt að vatnsnámið hafi umtalsverð áhrif á vatnsbúskap svæðisins

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að ekki þurfi að girða umhverfis brunnsvæðið, þar sem hraunið sé erfitt yfirferðar. Auk þess sé ekki búfé á svæðinu því að fyrirhugað vinnslusvæði sé

innan skógræktargirðingar. Að öllum líkindum verði sett upp vegslá til að fyrirbyggja umferð vélknúinna ökutækja inn á vinnslusvæðið. Endanleg ákvörðun um nauðsyn girðingar sé hins vegar í höndum Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Ef ráðist verði í að girða svæðið mun framkvæmdaraðili kynna Umhverfisstofnun fyrirhugaða útfærslu þess.

Gróður. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að mikilvægt sé að tekið verði tillit til úttektar Náttúrufræðistofnunar Íslands á gróðri við endanlega staðsetningu á borsvæði vegna vatnstökunnar. Jafnframt taki stofnunin undir það álit Náttúrufræðistofnunar að forðast beri að raska samfelldu birkikjarri við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að leitað verði ráðgjafar Náttúrufræðistofnunar Íslands um gróðurfar og sérstöðu framkvæmdasvæðis m.t.t. válistategunda og mögulegs birkikjars. Á svæði III sé ekki um samfellt birkikjarr að ræða. Slóði og stofnlögn meðfram girðingarstæði ætti ekki að valda skerðingu á samfelldu birkikjarri, nema þá að mjög takmörkuðu leyti.

Fuglar. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að þar sem ekki hafi farið fram úttekt á fuglalífi sé ekki ljóst hvaða tegundir sé að finna á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Umhverfisstofnun telji ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif á fuglalíf enda sé óraskað svæði sem fari undir mannvirki fremur takmarkað og ólíklegt að það hafi meira gildi fyrir fuglalíf en næsta nágrenni þess. Stofnunin telji þó mikilvægt að öllu jarðraski verði haldið í lágmarki.

Efnistaka. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að í gögnum framkvæmdaraðila séu ekki upplýsingar um hvaðan efni verði tekið til framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun minni á að ef um nýjan efnistökuastað sé að ræða skuli leggja fram áætlun um efnistöku áður en framkvæmdaleyfi verði veitt, sbr. VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Stofnunin leggi áherslu á að ekki verði tekið efni úr jarðmyndunum sem falla undir 37. gr. laga um náttúruvernd.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ráðgert sé að taka efni úr opinni námu og séð verði til þess að raska ekki jarðmyndunum sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða vatnsöflun, allt að 2 milljónir m³/ári, í Grábrókarhrauni, Borgarbyggð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og liðum 10 g og i í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að umhverfisáhrif vegna framkvæmdanna verði einkum á jarðmyndanir og þó sérstaklega á landslag. Ljóst er að hrauninu hefur nú þegar verið raskað nokkuð og telur stofnunin að forðast ætti frekari röskun þess eins og kostur er. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að framkvæmdaraðili taki tillit til úttektar á gróðri á svæði III og verði í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun varðandi lágmarkun áhrifa á gróðurfar og sérstöðu framkvæmdasvæðisins m.t.t. tegunda á válista og birkikjars. Einnig telur Skipulagsstofnun mikilvægt að ef girt verði umhverfis brunnsvæðið

verði það gert í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands og Umhverfisstofnun. Það er mat Skipulagsstofnunar að framkvæmdin muni hvorki hafa verulegt rask né veruleg áhrif á jarðmyndanir, verndarsvæði, fugla eða gróður í för með sér verði fylgt þeirri framkvæmdartilhögun sem framkvæmdaraðili hefur lagt til.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að vatnsöflun allt að 2 milljónir m³/ári í Grárókarhrauni, Borgarbyggð sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Borgarbyggðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Þar sem ekki er mörkuð stefna um stofnæðar veitna í Svæðisskipulagi Mýrarsýslu eða aðalskipulagi Borgarbyggðar þarf sveitarstjórn Borgarbyggðar að leita meðmæla Skipulagsstofnunar með veitingu framkvæmdaleyfis sbr. 3 t. bráðabirgðaákvæða sömu laga. Vinna þarf deiliskipulag af vatnsöflunarsvæðinu. Einnig er framkvæmdin háð nýtingarleyfi iðnaðarráðuneytis skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu, og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands skv. 4. gr. reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 21. júní 2004.

Þóroddur F. Þóroddsson

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit: Umhverfisráðuneytið, Borgarbyggð, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Umhverfisstofnun og Vegagerðin.